

14. fundur skólaráðs – 15. febrúar 2024

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Christersdóttir og Hákon Steinsson fulltrúar foreldra, Sunna Dís Kristjánsdóttir og Alma Auðunardóttir fulltrúar kennara, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna og Magnea Dís fulltrúi grendarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda Atli Mikael Sigurðarson og Freyja Rún Pálmadóttir.

Dagskrá:

1. Kynning á niðurstöðum Lesfimiþrófs – Margrét fór yfir nýjust niðurstöður úr lesfimiþrófum. Allir árgangar skólans eru við eða yfir landsmeðaltal nema einn.
2. Kynning á niðurstöðum á Högum og líðan nemenda – Margrét fór yfir niðurstöðurnar og umræður sköpuðust um líðan, samfélagsmiðlanotkun, tölvuleikja spil og lestur. Ákveðið að boða foreldra í 5.-7. bekk á fund og kynna niðurstöðurnar betur fyrir þeim.
3. Drög að skóladagatali næsta skólaárs – Drög skóladagatal næsta árs lögð fram og samþykkt samhljóða.
4. Húsnæðismál Engidalsskóla – Margrét sagði frá því að búið er að funda einu sinni frá því bréf var sent til fræðslunefndar en mikil þrengsli eru í skólanum. Næsti fundur áætlaður síðar í dag 15. febrúar.
5. Dalurinn félagsmiðstöð – Magnea Dís sagði frá því sem keypt var fyrir peninga sem foreldrafélagið gaf Dalnum og sýndi stutt myndband úr starfinu. Í lok fundnar fór Magnea með foreldrum og sýndi þeim breytingarnar sem orðið hafa í félagmiðstöðinni.

Fundi slitið kl. 8:50